



## Neysla nú svipuð því sem var fyrir Covid-faraldurinn

*Neysla Íslendinga var 14% meiri í maí en í fyrra miðað við fast verðlag og gengi og 2% meiri en í maí árið 2019. Það má því segja að neysla sé að verða svipuð því sem var áður en faraldurinn braust út, en neyslan er þó hlutfallslega meiri innanlands þar sem ferðalög eru enn fátíð, þó þeim fari fjölgandi.*


Seðlabanki Íslands birti fyrir helgi gögn um veltu innlendra greiðslukorta í maí.<sup>1</sup> Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 81 mö.kr. og jókst um 9% milli ára miðað við fast verðlag. Kortavelta Íslendinga erlendis nam 11 mö.kr. og jókst um 66% milli ára miðað við fast gengi. Samanlagt jókst kortavelta um 14% milli ára í maí miðað við fast gengi og fast verðlag sem er svipuð þróun og hefur sést á síðustu mánuðum, þ.e. talsvert mikil aukning þar sem verið er að miða 12 mánaða breytingu við tímabil þar sem fyrsta bylgja faraldursins reið yfir með mikilli óvissu og takmörkum á neyslu og daglegu lífi fólks.

### Neyslustigið svipað og 2019, þó hlutfallslega meira innanlands

Við sjáum nokkuð áberandi viðsnúning eiga sér stað nú, þar sem samdráttur vormánaða í fyrra verður að nánast jafn miklum vexti. Neyslustigið nú er því nokkuð svipað því sem var áður en faraldurinn braust út. Í maí 2019 nam kortavelta Íslendinga alls 90,5 mö.kr. á verðlagi og gengi maímánaðar í ár, samanborið við 92 ma.kr. nú og mælist því um 2% meiri nú en fyrir tveimur árum.


Munurinn er hins vegar sá að neyslan fer nú í auknum mæli fram innanlands. Fyrir tveimur árum fór um 20% af neyslunni fram erlendis en nú er hlutfallið um 12%. Þó neysla Íslendinga erlendis hafi aukist um 66% milli ára í maí, er hún enn tæplega 40% minni en hún var í maí 2019. Þetta skýrist af því að ferðalög eru enn talsvert undir því sem eðlilegt getur talist í maímánuði. Brottfarir Íslendinga um Leifsstöð voru alls 4.380 talsins í maí

### Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

<sup>1</sup> Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.




sem er vissulega mikil aukning frá sama tíma í fyrra, þegar brottfarir voru einungis 829 talsins, en talsvert undir því sem var í maí 2019 fyrir faraldurinn og um 57 þúsund Íslendingar lögðu land undir fót.

### **Uppsöfnuð kortavelta 9% meiri en fyrir ári síðan**

Ef litið er til uppsafnaðrar kortaveltu frá áramótum sést að Íslendingar hafa nú eytt 9% meira að raunvirði frá áramótun samanborið við sama tíma fyrir ári síðan og einungis 2% minna en á sama tíma árið 2019. Í fyrra var samdrátturinn í neyslu mestur á öðrum ársfjórðungi og því kemur ekki á óvart að vöxturinn mælist nokkuð mikill nú. Innanlands er uppsöfnuð neysla 12% meiri en á sama tíma í fyrra, og erlendis um 12% minni.

Það má gera ráð fyrir að nú taki við tímabil þar sem ferðalög verða meiri og samsetning neyslunnar breytist þar sem hún mun í auknum mæli fara fram erlendis. Gera má ráð fyrir að innanlands taki hún einnig breytingum í átt að hlutfallslega hraðari vexti í neyslu á þjónustu en vörum.

### **Uppsöfnuð kortavelta frá áramótum**



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis á föstu verðlagi maímánaðar 2021. Kortavelta erlendis á föstu gengi maímánaðar 2021. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.